

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1070

Dagsetning: 20. maí 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK) sat fundinn undir liðum 1 til 6, Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir framkvæmdastjórnar HH frá 6. maí 2025 og 13. maí 2025 voru teknar til umræðu og samþykktar samhljóða.

2. Ársfundur HH

Farið var yfir dagskrá ársfundar og drög að kynningarglærum.

3. Þjónustukönnun ríkisstofnana

Rætt var um helstu niðurstöður í þjónustukönnun ríkisstofnana, sem hefur verið í gangi frá því í nóvember 2024. Þróunin hefur verið jákvæð síðustu mánuði, ánægja með þjónustuna er áfram góð og heldur að aukast. Niðurstöðurnar verða áfram nýttar til að rýna þjónustu stofnunarinnar og einstakra starfseininga.

4. Launamál sérnámslækna

Umræður um launamál sérnámslækna og nýjan kjarasamning lækna. Ákveðið var að mannauðssvið muni fara yfir samninginn á fjárfundi með læknum síðar í vikunni.

5. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

6. Breytingar á vinnustund

Rætt var um breytingar á vinnustund tengt vinnuskilum og hvernig þau birtast starfsfólki. Von er á samræmdum leiðbeiningum frá fjármálaráðuneytinu þar sem fleiri stofnanir hafa gert samskonar breytingar.

7. Erindi um endurhæfingu

Upplýst var að erindi hefur borist frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem óskað er eftir upplýsingum um fjármagn sem HH varði til endurhæfingarþjónustu á árunum 2023 til 2025.

8. Heilsugæslan Efra-Breiðholti

Rætt var um erfiða stöðu vegna skorts á læknum hjá Heilsugæslunni Efra-Breiðholti. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að halda öflugri starfsemi í stöðinni og að leita þurfi leiða til að bæta mönnun. Rætt var um að gera úttekt á húsnæðinu með það í huga að fara í endurbætur sem þörf reynist á sem fyrst til að gera húsnæðið aðlaðandi fyrir starfsfólk. Áður en ákveðið verður að fara í það verkefni þarf að funda með starfsfólki stöðvarinnar.

Aðgerðir og verkefni

- Funda þarf með læknum um nýjan kjarasamning, sjá lið 4.
Ábyrgð: SKÞ
- Svara þarf erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um endurhæfingu, sjá lið 7.
Ábyrgð: HÞ
- Ræða þarf við starfsfólk Heilsugæslunnar Efra-Breiðholti um mögulegar úrbætur og framtíðarsýn, sjá lið 8.
Ábyrgð: SDM og ASV

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:35.